

Arun Ólafur Þjóðófsson:

Hlutverk stjórnarandstöðu / Skálholt - vor 1991.

• "Kvennalistinn í stjórnarandstöðu" var sú yfirskrift sem ég sá að erindi mitt hafi i blöðunum. Auðvitað stóð þetta ekki í forsiðufyrirsögn í fyrsta lagi vegna þess að það sem við fjöllum um er sjaldan forsiðuefni í íslenskum blöðum, og í öðru lagi: Hverjar eru fréttirnar? Kvennalistinn í stjórnarandstöðu, eru það fréttir? Nei, Kvennalistinn í stjórn, það væru fréttir - ekki Kvennalistinn í stjórnarandstöðu.

Eg verð að játa það að þegar ég fór að velta því fyrir mér hvernig við hefðum lent i stjórnarandstöðu, datt mér i hug en Róbinson Krúsó. Eg fékk að visu smá móral yfir að hafa ekki dottið i hug einhver kvenpersóna úr bókmennntaverki eftir konu - en látum það nú vera. Við hlustum líka á innri rödd og ef henni dettur Róbinson Krúsó en ekki Jane Eyre í hug þá sati ég því. Kannski er ég orðin svona karlaleg þekjandi eftir aðeins tvæggja ára setu á Alþingi.

Eg held að það fyrsta sem við verðum nú að lita á er að við lentum ekki sjálfviljugar í stjórnarandstöðu, frekar en Róbinson á eyðieyju. Mér finnst við samt ekki hafa lent i skipbroti, og þar skilur á milli okkar og Róbinsonar. Það er meira að segja álitamál hvort við vorum hryggbrotnar. Við tókum áhattu með því að leggja upp í okkar ferð, eftir misgöða reynslu af öðrum leiðum í kennabaráttu fyrr og síðar, rétt eins og Róbinson í sinni bók. Og við stöndum frammi fyrir því að verða að gera eitt eða fleira af þessu þrennu:

1. Gefast upp.
2. Sætta okkur við aðstæður og aðstæðurnar við okkur.
3. Reyna að breyta aðstæðum.

Við vitum auðvitað af því að við erum ekki einar í stjórnaraandstöðu, getum þurft að glima við erfíðar aðstæður og hættulega óvini, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu og þurfum ekkert að láta okkur dreyma um auðsveipan Frijádag til að skáka til, enda er ég ekkert viiss um að við vildum það.



Við þurfum að gera okkur þann mat úr aðstæðum sem við getum, svo framarlega sem við ákveðum ekki að hætta og gefast upp.

Við höfum reynslu af því að vera í stjórnarandstöðu. Eg ætla ekki að endurtaka það sem Kristín Halldórsdóttir sagði í sinni grein í Pilsabyti fyrir kosningar um stjórnarandstöðu og stjórnaraðstöðu, heldur vísa ykkur á þann ágæta texta, heldur velta því fyrir mér á hvern hátt mér finnst við geta unnið úr þeirri stöðu sem við erum í.

Suma dreymir um áhyggjulaust líf á eyðieyju við þægilegar aðstæður. Við vitum að staðreyndirnar tala öðru máli. En allt hefur sina kosti og galla, líka stjórnarandstaða. Við þurfum ekki að sætta okkur við eins miklar málamiðlanir og getum ef við viljum verið beinskeyttari í málflutningi utan stjórnar en innan, auðvitað málfnalega, eins og við erum alltaf, er það ekki? Hins vegar komum við farri málum fram en ella. Við höfum ákveðið svigrúm til að fara óhefðbundnar leiðir ef við kjósum, það á raunar líka við innan stjórnar, en þá með

3

annars konar hömlum. Við þekkjam flesta kosti og galla stjórnarandstöðu eins og við höfum rekið hana fram til þessa og getum margt af henni lært.

Listi Róbinsson um hið jákvæða og hið neikvæða í hans aðstæðum var sýnu dramatískari en þessi litli listi, en samt gæti nú verið gaman að lita á hann, sumt á nú kannski við okkur líka!!!

Listinn

Það er alltaf gott og blesсаð að læra af reynslunni. Nú þurflum við hins vegar ekki síður að meta hvort aðstæður séu eitthvað aðrar en áður hafa verið. Eg held að með ákveðnu raunsæi getum við gert ráð fyrir að svo sé. Það er ekki bara forysta Daviðs í stjórn og Sjálfssæðisflokkki sem velur því að við getum átt von á harkarlegri stjórn en áður, það litla sem flokkaðist undir málefni í stefnuræðu forsatísráðherra á þriðjudaginn benti til harðari línu, niðurskurðartilhneigingar og áherslina sem eru mjög ólíkar okkar áherslum. Og var þó stjórnin á undan ekkert til að hrópa húrra fyrir. Við finnum þetta lika á þeim breytingum sem verið er að gera á þingskópum, það er mjög hörð lína frá Sjálfssæðisflokknum og harðlinunni í Alþýðufloknum í þá átt að láta meiri hlutann ráða öllum sköpuðum hlutum innan þins og utan, en ekki að hafa neitt of mikil samstarf við minnihlutann eins og fram til þessa hefur tiðkast í ýmsum málum. Við meggum því búast við því að eiga hugsanlega eitthvað erfiðari starfsaðstæður á þingi en áður hefur verið. Svolitil tilhneiging til að setja truflun í

4.

hátaðarakerfið sem við sóttumst eftir að komast í þegar við ákváðum að reyna þá leið í kvennabaráttu að komast í hátaðarakerfi Alþingis.

Og þá er það spurningin: Eru breytingarnar svo miklar að þær réttliti að við breytum um starfsaðferðir í stjórnarandstöðu, hvernig myndi það skila okkur og höfum við aðstöðu til þess að breyta mikið til í niðurnjörvuðu kerfi.

Vorþingið nú er á margan hátt góð aðalafing fyrir kjörtimabilið, þótt ekki vilji ég draga úr að sú afing er bysna ströng. Við eruum auðvitað ekki búnar að vinna úr þeirri reynslu sem þetta vorþing skilar okkur af nýkjörnu þingi og nýrri stjórn, en við höfum alla vega einhverjar visbendingar að styðjast við.

Það má segja að við höfum frumtill þesa unnið nokkurn veginn á hefðbundinn hátt. Við reynum að tryggja okkur áhrif sem viðast, innan þings og utan. Fá fulltrúa í sem flestum nefndum og ráðum. Og ég ætla nú að nota tækifærið og segja ykkur í hvaða nefndir og ráð við fáum liklegast fulltrúa næstu fjögur árin, þannig að þið getið bent á góðar konur til skipa þessi sæti eða lýst ykkar eigin áhuga og annarra kvenna. Þetta eru:

Tryggingaráð (aðal og vara)

Húsnaðisstjórn (aðal og vara)

Útvarpsráð (ath.)

Landsvirkjun, varamaður

O.S. fr.v.

Petta var hið hefðbundna. Við erum í samstarfi við aðra í stjórnarandstöðu í þessu, einar höfum við ekkert bolmagn til að fá fulltrúa, en það er rétt að geta þess að við höfum líka fengið tilboð frá stjórnarflokkunum um samstarf um kosningu í ráð og nefndir. Tilboð sem við höfum a.m.k. enn ekki talið ástæðu til að vinna í.

Málefnalega erum við í ágætri stöðu, en möguleikarnir til að koma okkar málum fram eru ekkert allt of miklir. Við höfum ju séð eitt og eitt gott mál komast í gegn á liðnum árum, varla fer það að versna svo mikið, en það er hært að við, sem erum fyrst og frémst í þeim málum sem Þjóðin latur sig mestu varða, ef marka má kennanir, mjúku málunum • umhverfismálum, bættum kjörum og betra mannlifi, skulum ekki ráða ferdinni, heldur menn sem standa fyrir eitthvað allt annað sem Þjóðin hefur takmarkaðan áhuga á, eins og skattalækkanir sem nýlast helst hátekjufólki, vaxtabækkanir sem geta rústað fjárhag heimila og fyrirtækja sem núna hafa það gott, og ættu að geta borgað hærri laun, en verða kennski í staðinn að eyða viðskiptakjarabatanum blesсаða í vexti!!!! Og svo er þessi stjórn að fara að byggja álver hvað smíða kostar og það gæti orðið dyr pakki. Við hefðum þurft að vera innanborðs og til að geta stigið á brémsuna á réttum tíma.

Þar með er ekki sagt að við séum alveg mættlausar í stjórnarandstöðu. En við ráðum ekki ferdinni. Og hvað er þá til ráða?

Erum við lamaðar af því okkur finnst við hafa beðið skipbrot?

Erum við raunsæjar en hugmyndasnauðar. Eða höfnum við þessum raunveruleika af því hann er svo margbrotinn, eins og Steinunn Sigurðardóttir, í ljóðbrotinu sem ég birti í skipuritinu um stjórnarandstöðuna okkar. Mér þætti annars gaman að vita hvern þessi Davíð er sem hún yrkir til.....

Getum við farið óhefðbundnar leiðir? Við erum auðvitað óhefðbundin leið í sjórnálum, leið sem okkur var sagt '82 og '83 og formaðrum okkar sjálfsgagt 1908 og 1922 að væri alls ekki fær. Við afsönnuðum það. Ætlum við kannski að afsanna eitthvað fleira? Og þá hvernig?

Aðlögumst við svo að við verðum hluti af umhverfinu? Föllum inn í innréttininguna. Verðum kannski bestar á forsendum kerfisins?

Eða erum við að verða of seinar og ef svo er þá hvert? Ég held við verðum alltaf að hafa í huga spurninguna góða: hvaðan komum við, hverjar erum við og hvert erum við að fara?

Eg hef auðvitað skoðun á þessu eins og þið vonandi allar. Eg vitna ~~stórum~~ til þversagnarkennde orðtaks: Ef þú ert í vafa, gerðu hvort tvæggja. Eg tel að við útilokum okkur ekki frá óhefðbundnum leiðum með því að vinna á grunni reynslunnar og nýta þá farvegi sem hefðin færir okkur. Þannig að við getum haldið ótrauðar áfram að vera með i kerfinu, þótt hægt miði. Að visu fannst mér svolitið snjállt af Möllu Schram þegar hún sagði daginn eftir kosningar: Eiga þær ekki bara allar að segja af sér, fyrst okkur gekk ekki betur? Það hefði þó vakið

F.

athygli, því getum enginn neitað. Og það er nokkuð sem okkur vantar svo sannarlega og höfum hundrað sinnum reynt að finna leiðir til örþóta vegna þess.

Og þá er að lita á björtu hliðarnar: Við erum enn á lifi, rétt eins og Róbinson, þið eruð kannski búnar að gleyma Róbinson en ekki ég. Og það þykir sumum bara harla gott. Mér finnst það reyndar bara rétt viðunandi, en það er liklegast heimtufrekja. Við höfum svo góðan málstað að ég ætla bara að fá að vera heimtufrek.

Við getum mætavel skilgreint andstæðinginn, og það er út af fyrir sig betra að eiga við mūsina sem stekkur en þá sem læðist og nagar og eyðileggur í nafni félagshyggoju og alúðar og umhyggju gagnvart smælingjunum.

Við eיגum hins vegar svolitið erifðara með að marka okkur sérstöðu innan stjórnarandstöðunnar, en ekki gafst það okkur vel þótt það væri auðvelt seinast, Sjálfstæðismenn völtruðu einfaldlega yfir okkur með dyggum stuðningi fréttamanna. Hinir munu reyna það líka, við erum með mörgum föllnum stórveldum í stjórnarandstöðu og sumir eru ekkert að hafa áhyggjur af því að vera málfnalegir. Við verðum að velta því fyrir okkur hvernig við komum okkar málstað á framfari, án þess að hætta að vera málfnalegar og fara út í trúðsleik hinna. Og það er ekkert endilega svo auðvelt, en það er áreiðanlega hægt.

Eg hef spurt fleiri spurninga en ég hef svárað. Mér finnst það nauðsynlegt og þess vegna setti ég spumar þessara spurninga

á blað sem ég hef leyft mér að kalla skipurit, en ekki skipbrrotsrit.

En ég held ég verði að enda á því að ítreka eina þeirra spurninga sem ég spyr á þessu blaði: Erum við að falla á tíma, erum við orðnar og breyttar og gamlar, vantar okkur ferskleika og nýjar hugmyndir. Getum við unnið með þar hugmyndir innan þess stranga kerfis sem til dæmis þing og sveitastjórnir eru?

Eg tel að svo sé. Við höfum formað það að taka skýrari linur í málEfnum, verða enn kvennapólitískari en áður. Við höfum nefnt að útbúa framkvæmdaáætlun, og gefa okkur ákveðinn tíma í ákveðin málEfni. Við erum þinulitið byltingarafl innan þings, og röskum enn ró sumra, ég fann það til dæmis vel á fundi í morgun um þar sem við vorum að raða fundarskóp komandi þinga, þingsköpin, og allt í einu gat ég ekki annað en hlegið, því þeir, kallarnir að Guðrún Helgadóttur meðtalinn, voru skithræddir við okkur Kvennalistakonur, þótt það væru í raun þeir sem vildu kúga okkur, en ekki öfugt.

Og að lokum stenst ég ekki að segja ykkur frá hér anum með klukkuna, sem þið þekkið flestar úr Lísu í Undralandi. Eg rakst nefnilega á hann af tilvilkjun í bókinni um Róbinson Krúsó, og ég er enn að velta því fyrir mér, hvers vegna í ósköpunum þar, hvers vegna í ósköpunum þar. En ef hann hefði ekki verið þar, þá hefði ég sleppt einni spurningu hér í dag: Erum við að falla á tíma?

Sí hengur var mið nepni. Hjój
frami. þangað til ej sá þú hei.